



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Heiðarborg

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	4
2	Innra mat	9
2.1	Laut	9
2.2	Bali	11
2.3	Brekka	13
2.4	Lundur	14
3	Ytra mat	16
4	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	17
5	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	19
6	Foreldrasamvinna	20
7	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	22
8	Fylgigögn	23
8.1	Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning	23
8.2	Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku	25
8.3	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	27



1 Greinargerð leikskólastjóra

Þá er enn eitt starfsár að baki en óhætt er að sega að þetta ár hafi verið ólíkt öllum öðrum árum. Við fengum áskoranir sem aldrei fyrr sem settu mark sitt á starfið. Í nóvember kom upp Nóró veirusýking tvisvar sinnum sem varð til þess að loka þurfti leikskólanum og þrifa allt hátt og lágt. Í febrúar kom appelsínugul veðurviðvörðun og leikskólinn lokaður, sem aldrei hefur gerst áður. Veturinn var harður



Mynd 1 Snjóhús

og snjócoma mikil. Eflingarverkfall var líka í febrúar og stóð í nokkrar vikur, tvær deildir voru lokaðar og færri börn komust samtímis í leikskólann. Í mars skall svo á Covid-19 og áfram voru færri börn samtímis í leikskólanum, en eins og gefur að skilja markaði allt þetta leikskólastarf vetrarins. Starfsfólk var sannarlega útsjónarsamt að nýta tækifæri hvers tímabils. Má þar nefna að þegar færri börn voru samtímis var hægt að fara í einstaklingsmiðaðri verkefni sem erfiðara er að gera þegar allir eru mættir og einnig fengum við góðan tíma til

undirbúnings. Einnig mátti sjá að hlédrægari börn nutu sín betur í fámenninu. Snjórinn var vel nýttur og hér voru gerðar heilar fjölskyldur snjókarla og kerlinga, einnig risu upp snjóhús í garðinum og þar gátu börnin dvalið með kertaljós og ávexti. Verkefni vetrarins voru að venju skemmtileg, fastir liðir eins og venjulega ásamt ýmsum nýjungum.

Í tilefni Alþjóðalega geðheilbrigðisdagsins slógum við upp balli úti, dönsuðum og sungum með. Í Heiðarborg erum við með öflugt tónlistarstarf undir leiðsögn tónmenntakennara.

Tónlistarmenningin hefur án efa sett mark sitt á áhugasvið barnanna en í vetur var stofnuð hljómsveit sem steig á stökk og hélt tónleika í söngstund í sal. Börnin áttu algerlega hugmyndina af hljómsveitinni og starfsfólkið greip áhuga þeirra og hlúði að og ýtti undir.

Við höldum áfram með samvinnuverkefnið „Heimahaga“ eins og undanfarin ár en það er verkefni sem leikskólar í Selásnum ásamt Selásskóla hafa verið að þróa undanfarin ár. Í vetur fór af stað óformlegt samstarf við hestamannafélagið Fák sem var mjög spennandi. Starfsmaður leikskólans kom í kjölfarið



Mynd 2 Tónleikar



Mynd 1 Hnakkurinn prófaður

með hnakk og kynnti fyrir þeim hlutverk hans og börnin fengu að prófa að setjast á hann. Nú eru skólarnir búnir að fá styrk til að þróa þetta samstarfsverkefni áfram næsta vetur en það heitir „Heimahagar og íslenski hesturinn“.

Í flæði jukum við vísindastarf og íþróttir í sal vegna niðurstöðu endurmats barnanna. Í vísindastarfinu fengu börnin að mala kaffibaunir

með handafli, tíndu jurtir í teneyslu og fengu að bragða drykkina. Fræðsla hefur verið um hlutverk býflugna í vistkerfinu þannig að núna er þeim umhugað um þær. Börn hafa komið með þær býflugur sem þau finna og eru orðnar lasburða og spurt hvað sé hægt að gera fyrir þær. Starfsmaður sagði þeim að það væri ekki hægt að bjarga þeim en bað þau um að setja þær í blóm, því þar líður þeim svo vel.

Elstu börnin fóru að þessu sinni í útskriftarferð í Vatnaskóg sem var einstaklega vel heppnuð ferð og við ætlum að fara þangað aftur að ári. Í útskrift elstu barnanna höfðu börnin tækifæri til að syngja fyrir foreldra sína nokkur lög sem áttu að vera á opnunarhátíð Barnamenningar sem féll niður vegna Covid-19.



Mynd 2 Tegerð

Sumarskólinn var á sínum stað og þar hafa verið fjölbreytt verkefni að venju. Við settum niður grænmeti og jarðarberjaplöntur í gróðurreitinn okkar, börnin komu með sumarblóm að heiman og úr varð okkar eigin skrudgarður. Við bjuggum líka til rabbarbarasultu og fengum síðan nýbakaðar vöflur með sultu og rjóma. Við sáum til þess að smíði væri í boði flesta daga þar sem mikil aðsókn var í þær. Úr því varð til bíla-/hjólavottastöð, hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla/-hjól, hús sem þau myndskreyttu,



Mynd 3 Skrudgarður í Heiðarborg

ísbúð, sófi, dýr og margt fleira. Við fjárfestum einnig í vatnsrennibraut sem vakið hefur mikla gleði. Öll börn fóru vikulega í útínám í nærumhverfinu, þau fóru m.a. á síla- og sniglaveiðar sem þeim finnst mjög skemmtilegt og áhugavert. Heiðarborg er 30 ára í ár og héldum við upp á afmælið á sumarahátíðinni, fórum í skrudgöngu að venju og tókum við Grænfánanum í sjötta sinn. Einnig kom Einar einstaki og sýndi börnunum ýmis töfrabrögð. Þessi viðburður var að þessu sinni án foreldra og annarra gesta vegna Covid-19. Einnig fóru starfsmenn í óvissuferð sem var algjört ævintýr.

Unnið var að innleiðingu nýju Menntastefnunnar „Látum draumana rætast“ en við höfðum ákveðið að byrja á heilbrigði með sérstakri áherslu á geðrækt, eða félagslegri og andlegri vellíðan. Sá hluti heilbrigðis tengist einnig öðrum þáttum Menntastefnunnar eins og sköpun, sjálfsefningu og félagsfærni, því fannst okkur þetta tilvalinn

byrjunarpunktur. Við byrjuðum á því að innleiða verkefnið „Heilsueflandi leikskóli: vellíðan fyrir alla“ í vetur, með áherslu á geðrækt. Við höfum unnið að því markvisst undanfarin ár að bæta vinnuaðstöðu starfsmanna, draga úr streitu og auka vellíðan í starfi. Sem liður í því starfi vorum



Mynd 4 Afmælishátíð Heiðarborgar

við með þá nýbreytni á haustönn að starfsfólki bauðst tækifæri til að fá leiðsögn í léttum æfingum og teygjum ásamt boltanuðdi tvisvar í viku á vinnutíma. Við ætlum að halda áfram að bæta vinnuaðstöðu barna/starfsfólks næsta vetur og byrjuðum í listasmiðju, á síðasta starfsári keyptum við rafmagnsborð og stóla í listasmiðjuna. Í haust verða smíðaðir hentugri skápar sem verða aðgengilegri en óhætt er að segja að listasmiðjan okkar sé frekar lítil og þar getur orðið þröngt á þingi, enda er hún meðal vinsælustu svæða í húsinu.

Annar liður í innleiðingu Menntastefnunnar og verkefnisins „Heilsueflandi leikskóli“ er að tryggja markvissa kennslu og þjálfun sem eflir félags- og samskiptafærni barnanna. Í Heiðarborg höfum við verið að vinna með námsefnið *Stig af stigi* en erfitt er orðið að fá námskeið í notkun þess sem er alltaf mikilvægt fyrir nýtt starfsfólk og til að efla markvissa vinnu með efnið. Þess hefur orðið vart í endurmati undanfarinna ára að vinna með *Stig af stigi* hefur verið að detta upp fyrir í starfi leikskólans vegna þessa. Því höfum við ákveðið að innleiða „Vináttuverkefni Barnaheilla“ næsta vetur



Mynd 5 Smíðar

og mun það leysa *Stig af stigi* af hólmi. Næsta vetur verður jafnframt sú nýbreytni að elsta árgangi leikskólans býðst að taka þátt í samvinnuverkefni með Myndlistaskóla Reykjavíkur. Allt þetta styður vel við innleiðingu nýrrar menntastefnu. Enn er mikil áhersla lögð á að festa í sessi agastefnuna okkar og höfum við markvisst sent fólk á PMTO námskeið, síðastliðinn vetur fóru tveir deildarstjórar á

PMTO námskeið. Á komandi skólaári fer sérkennslustjóri ásamt einum sérkennara á PMTO námskeið. Einnig fengum við fræðslu og þjálfun um gagnreyndar aðgerðir við hópstjórnun, þar var PMTO haft til

hliðsjónar. Allt er þetta gert til að samræma vinnuaðferðir okkar. Jafnframt höfum við markvisst verið er að nota verkefni Vöndu Sig. varðandi einelti.

Á komandi skólaári er áformað að breyta einni deild í ungarnadeild en ungum börnum fylgja ýmsar þarfir sem núverandi húsnæði uppfyllir kannski ekki að fullu. Því munu breytingunni fylgja töluverðar framkvæmdir sem áformað er að ljúki fyrir áramót. Ætla má að eitthvað rask verði á starfsemi leikskólans í haust, en á móti hlökkum við til þess að fá bætta aðstöðu fyrir bæði börn og starfsfólk enda að ýmsu að huga í 30 ára gömlu húsnæði í síbreytilegu samfélagi.

Umbótaáætlun Skólaársins 2020 - 2021

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Heimasíða leikskólans	Bæta upplýsingaflæði til foreldra	Virkja vinnuferla sem tryggir lifandi heimasíðu.	Aðst.leiksk.stj	Umræður á stjórnendafundi janúar 2021	Allar nauðsynlegar upplýsingar séu til staðar á heimasíðu leikskólans og nýjar myndir/fréttir fari inn vikulega.
Heilsueflandi leikskóli	Efla heilbrigði og vellíðan	• Einblína á geðrækt til að byrja með. Efla vinnu með félagsfærni og almenna vellíðan barna/starfsfólks • Bæta aðstöðu í listasmiðju. Skapa vel skipulagt umhverfi sem ýtir undir afslappað andrúmsloft og eykur sköpunargleði	Leikskólastjóri	Umræður á stjórnendafundi í maí 2021	90% af viðmiðum 1, 2, 3 og 4 fyrir geðrækt (í gátlista Heilsueflandi leikskóla) sé komið til framkvæmda (3 eða hærra)
Flæði/sumarskóli	Að nýta styrkleika hvers og eins.	Gefa starfsfólki kost á að vera fast á ákveðnu svæði, frekar en að rúlla á milli.	Stjórnendur	Endurmatslisti haustannar í janúar 2020	Að börnin njóti sín í flæðinu.



Matsáætlun skólaársins 2020 – 2021

Mat á starfi leikskólans er ætlað að stuðla að umbótum og auknum gæðum. Matið tekur mið af markmiðum og gildum úr aðalnámsskrá leikskóla 2011.

Mats-þáttur	Markmið	Matstæki	Viðmið	Þátttakendur	Hvenær
Stjórnun	- Að greina tækifæri til umbóta - Að bæta stjórnunarhætti - Að tryggja faglegt samstarf - Að samræma vinnubrögð	Endurmatslisti (Sköpun og menning)	Að starfshættir séu í sífelldri endurskoðun og tækifæri til umbóta nýtt.	Starfsfólk og Stjórnendateymi	Haust/Vor
		Viðhorfskönnun starfsfólks	Að 85% starfsfólks sé ánægt með stjórnun leikskólans	Starfsfólk	Vor
Uppeldis- og menntastarf	- Að tryggja að unnið sé markvisst með allar greindir - Að tryggja starf sem eflir gagnrýna hugsun og þroska barnanna - Tryggja að vinnubrögð einkennist af jafnrétti fyrir alla hópa - Tryggja að unnið sé eftir aðalnámsskrá - Tryggja að lagður sé grunnur að menntun til sjálfbærni	Endurmatslisti	- Að unnið sé með allar greindir - Að farið sé eftir starfsáætlun	Starfsfólk Stjórnendateymi	Haust og vor
		Viðhorfskönnun barna	Að börnin finni að þau geta haft áhrif á eigið nám og starf	Elstu börn leikskólans	Mars
		Gátlisti deildarfunda (Viðmót og menning leikskólans)	Að 80% svörun sé jákvæð	Starfsfólk	Apríl
		Gátlisti 3 (Félagslegur aðbúnaður)	Að 80% svörun sé jákvæð	Starfsfólk	Maí
		Tengslakönnun	Að öll börn eigi a.m.k. einn vin	Börn í þrem elstu árgöngum	Október og mars
		Hljóm-2 EFI-2	Samkvæmt viðmiðum Hljóm-2 og EFI-2	Deildarstjórar Sérkennarar	Október og Mars
Innra mat	- Að matið sé að stuðla að umbótum - Að matið sé samofið öllu leikskólastarfinu	Endurmat stjórnendateymis	Að stjórnendur upplifi að matið sé ekki íþyngjandi og að það stuðli að umbótum	Stjórnendur	Desember



2 Innra mat

Heiðarborg er einn leikskóli og því er matið unnið sem slíkt. Hver deild svarar matsblöðum fyrir sig og síðan eru niðurstöður teknar saman.

2.1 Laut

Starfsveturinn er búinn að vera óvenjulegur. Upp kom Nóró sýking í tvígang að haustinu og hafði nokkuð mikið rask í för með sér. Veður var líka nokkuð vont í vetur og nýtt veðurviðvaranakerfi setti svolítinn svip á veturinn þar sem leikskólanum var lokað vegna veðurs. Deildin líka máluð og þá þurfti aftur að taka niður af veggjum og endurraða. Eftir áramótin var mikið rask vegna verkfalls Eflingarstarfsmanna. Það stóð yfir í nokkrar vikur eða frá 17. febrúar til 10. mars. Voru börnunum skammtaðir tímar til að vera í leikskólanum. 16. mars var svo Covid samkomubannið skolið á og þurftum við að skipta börnunum niður í hóp og hafa um helming á deildinni í einu. Setja upp Covid þrifa plan, og skipta niður leikföngum og svæðum í húsinu. Miðvikudaginn fyrir páska var leikskólanum lokað vegna Covid smita og ekki opnað fyrr en þriðjudaginn 21. apríl. Ein deild var þó lokað lengur. Eftir þessi ósköp öll fór lífið að fara í eðlilegan leikskólafarveg og börnin að venjast sinni hefðbundnu rútínu. Margar upptökur og ferðir féllu niður, ýmist vegna verkfallsins eða samkomubannsins.

Málörvun er sinnt í öllu starfi með börnum deildarinnar og fór vel af stað bæði fyrir Regnbogahóp tengt Hljóm-2 og fyrir yngri börnin tengt niðurstöðum úr EFI. Mikil samvinna var við talmeinafræðing þjónustumiðstöðvar. Eftir áramótin varð hlé á skipulögðum málörvunarstundum fyrst vegna verkfalls Eflingar og síðan vegna Covid ástandsins, þar sem blöndun barna í hópum mátti ekki eiga sér stað. Hins vegar varð þetta ástand, þar sem færri börn voru á deildinni í einu til þess að börnin fengu betri „gæðastundir“ með starfsfólki deildarinnar. Hljóðvistin varð betri og meira næði til að vinna með börnunum á deildinni. Við höfum einnig verið meðvituð um að „Gefa 10“ markvisst öllum börnum en það er það verkefni Skóla og frístundasviðs. Gefðu 10“ er einföld aðferð ætluð til að auka samræðu og samskipti og gengur út á það að hver kennari gefi sér 10 mínútur á dag til að ræða við hvert barn og markvisst efla orðaforða þess og málþroska. Skipulagðar málörvunarstundir fóru aftur af stað á vordögum og fóru fram allt sumarið til að bæta upp þær stundir sem féllu niður í vetur. Á deildinni er notað sjónrænt dagskipulag til að auðvelda börnum að átta sig á dagskránni og auka málskilning. Nokkur börn hafa nýtt sér einstaklingsmiðað sjónrænt skipulag. Bæði bók- og tölustafir eru sýnilegir á deildinni og unnið markvisst með þá í Skólalund Regnbogahóps og í morgunsamveru alls hópsins. Verkefnið Lubbi finnur málbein, fór vel af stað í vetur, stafur vikunnar var settur á hurð deildarinnar svo foreldrar gætu fylgst með hvaða staf var verið að vinna með og farið í Lubbastundir einu sinni í



vikur þar sem nýr stafur var lagður inn og sungið yfir vikuna Lubbalögin. Í Covid féll Lubbastund oftast niður. Lesið er daglega fyrir öll börn.

Félagsfærni, samskipti, agastefna: Við ræðum mikið við börnin, aðstoðum þau við að leysa ágreining, setja sig í spor annarra og taka lýðræðislegar ákvarðanir hvenær sem færi gefst. Börnin eru líka látin meta hluta starfsins og koma með óskir um breytingar. Verkefni Vöndu Sigurgeirsdóttur um skráningar á stöðu barna í hópnum, fór vel af stað en datt niður að mestu vegna verkfalls og Covid ástands. En í staðinn voru færri börn í einu í skólanum og fleiri tækifæri til að veita börnunum athygli en ella. Fór hópaskiptingin misjafnlega í börnin sem sum þöldu illa breytingar á meðan önnur nutu fámennisins vel. „Gefðu tíu“ verkefnið gekk vel eins og áður er sagt og sérstaklega á tímum Covid og Eflingarverkfallsins. Tengslakönnunin var ekki framkvæmd í vetur en verður gerð næsta vetur. Við skráðum niður og mátum samskipti starfsmanna við börnin um haustið en það féll svo niður á vorönninni. Er ætlunin að skrá þetta niður á haustönn og vorönn næsta skólaár. Stig af stigi fór ágætlega af stað sl. haust en féll síðan niður að mestu eftir áramótin. Stig af stig verður ekki tekið upp næsta vetur en við ætlum að innleiða verkefnið „Blær“ sem er kennsluefni í vináttu barna. Við vinnum eftir agastefnu leikskólans og eins erum við að tileinka okkur PMTO aðferðir smám saman.

Heimamening/fjölmening: Persónubrúður leikskólans hafa komið á deildina a.m.k. einu sinni í mánuði, þar sem fjallað er um ýmis málefni m.a. tengt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna skv. námsskrá leikskólans. Eins hafa þær komið til að ræða við börnin um atburði eða upplifanir sem koma upp í daglegu lífi. Fljúgandi teppi var ekki á dagskránni vegna Covid samkomubanns en við höfum verið dugleg að ræða um ýmsa menningarheima, ólík tungumál, þjóðfána o.fl. Næsta vetur langar okkur að gera meira af því að fá börnin til að segja frá heimameningu sinni og/eða því sem á daga þeirra hefur drifið. Börnin komi þá jafnvel með hluti að heiman til að sýna og segja frá. Þetta þjálfar börnin í að koma fram fyrir hóp og styrkir sjálfsmynd þeirra.

Umhverfismennt: Leikskólinn er grænfána leikskóli og hafa elstu börn deildarinnar það hlutverk að vera flokkunarstjórar, ljósaverðir og skógarverðir. Þau fara á umhverfisnefndarfundi og fræðast og sinna til skiptis verkefnum tengdum hlutverkunum.



Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Málörvun: - Gefðu 10 - Lubbi	1. Börn sýni framfarir í máli 2. Þjálfar málhljóð og kenna stafi. 3. Öll börn fá athygli	Lubbastundir fyrir mat. Skráningarblað skrá „gefðu tíu“	1. deildastjóri/ sérkennsla 2. Allir starfsmenn deildarinnar 3. Allir starfsmenn deildarinnar	Á deildarfundum í desember 2020	Að í 85% tilfella hafi starfsmaðurinn notað Gefðu 10, daglega
Félagsfærni, samskipti, agastefna	Börn læri að leysa ágreining sín á milli. Eigi góð samskipti. Taki vel leiðsögn	Starfsmenn samræmi reglur og vísi í agastefnu. Hvetji börn til umræðna um lausnir. Vinna að fyrirbyggjandi lausnum. Tengslakönnun	Allir starfsmenn deildarinnar. Deildastjóri	Deildarfundur í sept 2020 og janúar og maí 2021	Að árekstrar á milli barna séu sjaldnar Vinátta og friður
Heimamenning/fjölmenning Fróði Lautarson (ef hann kemur v/Covid))	Að efla sjálfsmynd barnanna.	Barn komi með hlut/mynd að heiman og fái að segja frá í samveru.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Deildarfundur í janúar og í apríl	Að öll börn hafi fengið að koma með hlut og tjáð sig. Tekin mynd. Barn verði öruggara í framkomu.
Umhverfismennt.	Að efla umhverfismennt barna.	Skerpa á markmiðum Grænánans og gera þau skýrari.	Allir starfsmenn.	Deildarfundur í desember og í apríl.	Virðing fyrir umhverfinu.

2.2 Bali

Starfsveturinn er búinn að vera frekar óvenjulegur. Fyrst er að telja Nóróveira sem kom hingað í tvígang að haustinu. Það hafði nokkuð mikið rask í för með sér s.s. hreingerningu leikskólans þar sem allt var tekið niður af veggjum og þrifið hátt og lágt. Þurfti að loka leikskólanum í nokkra daga til að losna við óværuna. Þá voru veður vond í desember og leikskólinn var lokaður í einn dag og einnig þurfti að senda alla heim snemma oftast en einu sinni. Eftir áramót var deildin lokað meðan á verkfalli Eflingarstarfsmanna stóð. Eftir það skall Covid samkomubannið á og þurftum við að skipta börnunum niður í hópa þar sem aðeins helmingur barnanna var á deildinni í einu. Útbúið var Covid þrifaplan, leikföngum og svæðum í húsinu var skipt niður. Allir fóru í tveggja vikna sóttkví vegna Covid smits í leikskólanum. Lífið fór svo loks að fara í eðlilegan leikskólafarveg og börn og starfsfólk að venjast sinni hefðbundnu rútínu á ný. Því miður féllu margar upptakur og ferðir niður í vetur, ýmist vegna verkfallsins eða samkomubannsins.

Uppeldis- og menntastarf: Persónubrúðurnar komu einu sinni í mánuði í heimsókn til að fjalla um mál tengd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, datt samt niður vegna ástands vetrarins.

Regnbogahópur tók þátt í Stig af stigi þar sem þeim er kennt að leysa úr vanda, féll niður vegna ástandsins.



Námsefnið „Lubbi finnur málbein“ náðum við að halda áætlun þegar börnin komu aftur eftir verkfallið. Einnig náðum við að halda verkefnalistanum vegna skólastundar fyrir elstu börnin.

Málörvun: er sinnt í öllu starfi með börnum deildarinnar, t.d. samverustundir, tónlistarstundir, málörvunarhópar og fl. Við vorum meðvituð um mikilvægi þess að tala við þau börn sem þurfa málörvun á hverjum degi en hefðum viljað tileinka okkur betur verkefnið Gefðu 10. Við viljum vinna það markvisst sem hluta af málörvun, hvort heldur sem er með tvítyngdu börnunum eða þeim sem þurfa á sérstakri málörvun að halda.

Samskipti: Fyrirlestur Vöndu Sigurgeirsdóttur nýttist vel í starfinu og það var hjálplegt að fara saman yfir barnahópin og greina félagslega stöðu barnanna. Við hefðum mátt vera markvissari í að ræða við hvert einasta barn á degi hverjum en vorum öll mjög meðvituð um mikilvægi þess. Við munum halda áfram að nýta okkur verkfæri Vöndu næsta vetur og fylla út listann einu sinni hvora önn.

Umbótapættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Agastefna	Börn læri að leysa ágreining sín á milli. Eigi góð samskipti. Taki vel leiðsögn	Starfsmenn samræmi reglur og vísi í agastefnu. Hvetji börn til umræðna um lausnir. Vinna að fyrirbyggjandi lausnum. Tengslakönnun	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar.	Deildarfundur í sept 2020 og janúar og maí 2021	Að börnin beri virðingu fyrir hvort öðru
Málörvun	Að gera málörvun þeirra barna sem virkilega þurfa þess með enn markvissari	Starfsmenn vinni saman að því að nota <i>Gefðu 10</i> , Einbeita sér að einu barni í einu og skrái niður hvort þeir hafi notað <i>Gefðu 10</i>	Allir starfsmenn deildarinnar	Á deildarfundum í nóvember 2020 og mars 2021	Að í 85% tilfella hafi starfsmaðurinn notað <i>Gefðu 10</i> daglega
Samskipti	Að efla félagsþroska allra barnanna og tryggja að öllum börnum líði vel	Taka Vöndu listann 1x á haustönn og 1x á vorönn	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar.	Á deildarfundum í nóvember 2020 og febrúar 2020	Að 85% barna séu í hópi örugggra barna í góðum samskiptum



2.3 Brekka

Barnahópurinn á Brekku var ákaflega góður og starfsmannahópurinn mjög samheldinn. Fyrri part vetrar vorum við í aðlögun og að kenna börnunum að vera í leikskóla. Listagil áttum við einu sinni í viku þar sem við vorum að skapa og leyfa listamanninum að njóta sín. Þjakkur ferðabangsi fór spenntur af stað með börnunum til að vera með þeim heima.

Svo byrjaði ballið! Fyrir áramót kom Nóró ...

Uppeldis- og menntastarf: Engilráð kom til okkar nokkrum sinnum og var að fjalla um mál tengd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Eftir áramót ætluðum við að hella okkur í vísindi en ekki vorum við búin að fara oft í þau þegar skall á verkfall og að lokum Covid sem varð til þess að veturinn var búinn áður en við gátum gert margar tilraunir, en svona er lífið. Einnig þurftum við að hætta með Lubba og Þjakk en þeir koma vonandi sterkir inn næsta haust.

Málörvun: Lubba stundirnar áttu alltaf sess hjá okkur einu sinni í viku frá því í september. Lubbi var að kenna okkur hvað stafirnir segja og einnig kenndi hann okkur söngva um stafina. Þrátt fyrir ástandið hættum við ekki öllu, við helltum okkur í málörvun með söng og sögum, bjuggum til myndefni við sögur sem við öll kunnum eins og um Birnina þrjá, Litla grís og Rauðhettu og úlfinn.

Samskipti: Starfsmenn á deildinni fóru yfir Vöndu verkefnið sem er til að kanna hvort við værum að gefa öllum börnunum meðvitaðan tíma og athygli.

Velferð og líðan barna: Agastefnuna ætluðum við að lesa yfir á deildarfundum en við verðum að standa okkur betur næsta vetur og ætlum við að byrja strax í haust.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Velferð og líðan barna	Að allir starfsmenn vinni eftir agastefnunni	Fara reglulega yfir agastefnuna, t.d. 1x í mánuði á deildarfundum (skrifa í dagbók)	Allir starfsmenn deildarinnar	Á deildarfundum í janúar 2020	Að starfsmenn hafi tamið sér að nota agastefnuna markvisst
Námssvið leikskólans	Að efla vinnu með vísindi	Vera með vísindi 1x í viku	Allir starfsmenn deildarinnar	Á deildarfundum í nóvember 2019	Að vísindi séu í 85% tilfella 1x í viku
Málörvun	Starfsmenn taki þátt í málörvun með söng, sögum og lestri bóka	Á hverjum deigi 2x á dag	Allir starfsmenn	Á deildarfundum febrúar 2020	Að markviss málörvun fari fram á hverjum deigi



2.4 Lundur

Veturinn í ár er búinn að vera frekar óvenjulegur og að nokkru leiti erfiður vegna ytri aðstæðna, svo sem Nóró-veiru, verkfalli Eflingar starfsmanna og loks Covid-19. Það voru líka nokkrar starfsmannabreytingar á deildinni, sem valda alltaf smá óstöðugleika. Margt sem við höfðum ætlað okkur að gera féll niður og náðum við ekki í langan tíma að komast inni eðlilega rútínu. Samt sem áður stóðu bæði börn og starfsfólk sig mjög vel í því að halda leikskólastarfinu spennandi og örvandi. Það var t.d. mikið um föndur og hreyfingu í salnum. Að öllu þessu loknu komu allir kátir og glaðir til baka í eðlilegt leikskólalíf og vorið búið að vera sérstaklega ljúft og skemmtilegt.

Velferð og líðan barna: Barnahópurinn í vetur var mjög góður og samhentur og brást vel við aðstæðunum sem röskuðu leikskólastarfinu. Börnin höfðu fleiri tækifæri til að fara í heimsókn á eldri deildir og kynnst nýju umhverfi, auk þess að öðlast reynslu í því að aðlagast óvenjulegum aðstæðum. Það gekk sæmilega að vinna eftir agastefnunni, en það gekk ekki nógu vel að rifja hana upp á deildarfundum og þá sérstaklega með nýju starfsfólki. Okkur þykir mikilvægt að allt starfsfólk deildarinnar samræmi vinnubrögð strax að hausti og að það sé tekið vel á móti nýju starfsfólki með því að leiðbeina því og kynna fyrir því stefnu leikskólans. Á næsta ári munum við þess vegna einbeita okkur sérstaklega að því að fara vel yfir agastefnunna svo að allir fái skýrar upplýsingar um það sem ætlast er til af þeim.

Samskipti: Fyrirlestur Vöndu Sigurgeirs nýttist vel í að greina samskipti í barnhópnum í haust. Verkefnið datt samt niður vegna aðstæðna og ekki hefur verið hægt að endurmeta stöðuna á vorönn. Samt sem áður hafa allir verið frekar meðvitaðir um að tala við hvert einasta barn daglega. Einnig hafa börnin bara getað mætt í litlum hópum í vetur og þessi tími hefur því verið gagnlegur til að eiga nánari samskipti við þau og til að dýpka sambandið á milli barna og starfsmanna. Við munum halda áfram að greina samskipti barnahópsins eftir verkfærum Vöndu næsta haust, ekki of snemma þó, heldur eftir að þau hafa fengið að kynnst vel innbyrðis. Í haust ætlar leikskólinn líka að innleiða vináttu verkefnið „Blæ“, sem felst í því að fyrirbyggja einelti og efla sjálfstraust barna.

Málörvun: Mikil áhersla er lögð á það að málörvun sé sinnt í daglegu starfi deildarinnar: markmið hefur verið hjá okkur að krakkarnir tileinki sér kunnáttu yfir helstu þætti daglegs lífs eins og orðaforða yfir daga vikunnar, mánuði, veðurfar, klæðnað, liti og athafnir í leikskóla. Við unnum að því markmiði með því að ræða saman daglega í samverustund: þar reynum við að hafa allt sjórænt til að auka málskilning og notum myndir sem sýna okkur t.d. hvernig veðrið er úti, hvernig á klæða sig og hvernig skipulag dagsins er. Við notum líka *Tákn með tali* sem hjálpar sérstaklega þeim sem eru



svolítið óskýr í tali eða með annað móðurmál en íslensku. Á næsta ári viljum við þróa verkefnið og leggja fram nýtt hlutverk í samveru: á hverjum degi verður valinn „veðurfræðingur“ sem mun fá tækifæri til að tjá sig sjálfur í sambandi við veðurfar; á þennan hátt geta börnin bæði verið virkari og ábyrgðarfyllri og þannig aukið málskilning og tjáningu.

Við unnum líka með verkefnið *Lubbi finnur málbein*, sem kennir krökkunum stafina og hljóð þeirra. Við lærðum um tvo stafi í hverri viku, þeir voru settir á hurð deildarinnar svo að foreldrar gætu fylgst með. Síðan var farið í Lubbastund á hverjum degi í samverustund fyrir hádegi og þar var lesið úr Lubbabókinni og hlustað á Lubbalögin. Krakkarnir sýndu verkefninu mjög mikinn áhuga og munum við örugglega halda áfram að vinna með Lubba á næsta ári. Einnig ætlum við að einbeita okkur betur að verkefninu *Gefðu 10* sem gæti sérstaklega hjálpað tvítyngdum börnum sem og börnum almennt sem þurfa á málörvun að halda.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Velferð og líðan barna	1. Allir starfsmenn vinni eftir agastefnunni og samræmi vinnubrögð 2. Það sé tekið vel á móti nýju starfsfólki.	Ræða agastefnuna og samræma vinnubrögð á deildarfundi strax í september. Fara yfir agastefnuna þegar nýtt fólk bætist inni starfsmannahópin	Allir starfsmenn deildarinnar	Umræður á deildarfundi í janúar 2021	Að starfsmenn hafi tileinkað sér agastefnuna og noti hana markvisst
Samskipti	Að efla félagsþroska allra barna og tryggja að öllum börnum líði vel.	Fylla út Vöndu listann og greina samskipti í barnahópnum á deildarfundi í okt/nóv Innleiða vináttu verkefnið „Blæ“	Allir starfsmenn deildarinnar	Fara yfir Vöndu listann á deildarfundi í febrúar 2021	Að 85% barna færist úr áhættuhópi í hóp örugggra barna í góðum samskiptum
Málörvun	Vinna markvissara með málörvun inná deild	1. Taka fyrir verkefnið <i>Gefðu 10</i> og skrá samskipti sem starfsmenn eiga við börnin. Ræða á deildarfundi.	Allir starfsmenn deildarinnar	Fara yfir stöðuna á deildarfundi febrúar 2021	Að í 85% tilfella hafi starfsmaðurinn notað <i>Gefðu 10</i> daglega



3 Ytra mat

Skóla og frístundasvið sendir árlega út Starfsmannakönnun en helstu niðurstöður könnunarinnar í ár eru eftirfarandi.

Starfsmannakönnun

Helstu styrkleikar sem koma fram í starfsmannakönnun eru að starfsánægja, hæfni og áhugi starfsmanna hefur aukist enn frekar frá því fyrra. Helst má nefna að ánægja starfsmanna með vinnuaðstöðu ásamt aðgengi að gögnum og tækjum hefur aukist töluvert á milli ára. Þá greinir starfsfólk frá aukinni ánægju í starfi og er stoltara af starfi sínu en í síðustu könnun. Þessi niðurstaða er einkar ánægjuleg í ljósi þess að það var einmitt markmið þessa starfsárs að bæta vinnuaðstöðu og draga úr vinnuálagi. Niðurstöðurnar benda því til þess að þær aðgerðir sem gripið var til hafi borið árangur. Þá telur starfsfólk í auknu mæli að vinna þess sé metin af verðleikum af samstarfsfólki sínu. Helstu tækifæri til umbóta koma fram hér að neðan.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Fræðsla og þjálfun	Að starfsfólk upplifi að sú fræðsla sem það fær nýtist þeim í starfinu.	Að leita til starfsfólks og spyrja hverskonar námskeið myndi nýtast því best. Umræður á deildarfundum og starfsdegi.	September 2020	Stjórnendur	Endurmatslisti vorannar og Starfsmanna - könnun SFS Vor 2021	Að 85% starfsfólks upplifi að það hafi sótt námskeið/ fræðslu sem nýtist því í starfi.
Markmið og árangur	Að auka meðvitund nýrra starfsmanna um markmið og stefnu leikskólans.	Að bæta við markvissri fræðslu um markmið og stefnu leikskólans í starfsþróunar viðtölum deildarstjóra	Nóvember 2020	Stjórnendur	Umræður á stjórnendafundi desember 2020	Að deildarstjórar hafi frætt allt nýtt starfsfólk um markmið og stefnu leikskólans.
Móttaka nýliða	Að bæta fræðslu og þjálfun nýrra starfsmanna	Að auka tíðni funda í upphafi starfstíma þar sem farið er yfir gátlista vegna móttöku.	Skólaárið 2020-2021	Stjórnendur	September 2021	Að móttökuáætlun hafi verið fylgt með öllum nýliðum.



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram á vorönn, flest í janúar. Í samtölunum kom m.a. fram að starfsmönnum líður almennt vel og finnst starfsandinn vera góður. Almenn ánægja var með námskeið Vöndu Sig. og þau verkfæri sem hún færði okkur. Ýmsar ábendingar komu sem stjórnandi ætlar að reyna að verða við, má þar nefna að ýta á að hljóðvistin á Laut og í fataherbergi verði bætt, setja nýja skápa í Listagili, bæta vinnuaðstöðu sérkennslustjóra og endurnýja húsgögn á deildum eins og kostur er en sú vinna er þegar hafin með endurnýjun á skúffuskápum.

Símenntunaráætlun skólaársins 2020-2021

Námskeið	Lengd	Hverjir sóttu	Hvenær
Umhverfið sem þriðji kennarinn	3 klst.	Allt starfsfólk	7. sept. 2020
Vínátta; forvarnaverkefni Barnaheilla	8 klst.	Allt starfsfólk	8. sept. 2020
Íslenski þroskalistinn	8 klst.	Sérkennslustjóri	14. sept. 2020
Röskun á einhverfurófi	5 klst.	Tveir sérkennarar	25. sept. 2020
Námskeiðsdagur leikskólastj.	8 klst.	Leikskólastjóri	24. sept og 25. sept. 2020
PMTO	48 klst.	Sérkennslustjóri og einn sérkennari	1. – 2. sept. 1. – 2. okt. 2. nóv. 2. des.
Tilfinningavandi barna	2,5 klst.	Allt starfsfólk	13. okt 2020
Fjölmennningarlegt leikskólastarf; Heimamál og heimamenning	1,5 klst.	Allt starfsfólk	18. nóv 2020
Tákn með tali	3 klst.	Allt starfsfólk	4. jan 2021
Skyndihjálp og forvarnir	3 klst.	Allt starfsfólk	5. feb. 2021



Símenntun skólaársins 2019-2020

Námskeið	Lengd	Hverjir sóttu	Hvenær
PMTO	48 klst.	Tveir deildarstjórar	2.-3. sept. 1.-2. okt 1. nóv. 3. des.
Streita	1,5 klst.	Allir starfsmenn	6. sept.
Kennum nýja færni	5,5 klst.	Einn deildarstjóri, sérkennslustjóri og tveir sérkennarar	17. sept. 5. feb. og 12. feb. og 10. mars
Forystunám	40 klst.	Aðst. leiksk.stj.	18. sept. 6. nóv. 20. jan. 6. feb. 26. feb.
Heilsa og velferð barna og unglinga	2 klst.	Leikskólastjóri	25. sept.
Efi 2	3,5 klst.	Aðst.leik.stj. og sérkennari sérkennslustjóri	27. sept. 1. nóv.
AEPS	8 klst.	Tveir sérkennarar	3.-4. okt.
Skráning og þjálfun	4 klst.	Sérkennslustjóri og tveir sérkennarar	29. ágúst 1. júlí
Námskeiðsdagur leikskólastj.	8 klst	Leikskólastjóri	11. okt.
Útinám: Leikur að læra	8 klst.	Tveir kennarar	11. okt.
Vellíðan á vinnustað	10 klst.	Leikskólastjóri og aðst.leiksk.stj.	18. okt. 15. nóv 5. des 24. jan. 13. feb.
Leikum og lærum með hljóðin	2 klst.	Allir starfsmenn	29. okt.
Kí ráðstefna: Vinnu umhverfismál	4 klst.	Leikskólastjóri og kennari	4. nóv.
Qlick Sense	1. klst	Leikskólastjóri og aðst.leiksk.stj.	17. jan.
Lærdómssamfélag	1,5 klst.	Sérkennslustjóri	28. jan.
Námskeið f. sérkennslustjóra	8 klst.	Sérkennslustjóri og sérkennari	21. feb.
PECS	3 klst.	Tveir sérkennarar	11. júní
ABLLS	4 klst.	Einn sérkennari	11. júní
Gagnreynðar aðferðir við hópstjórnun	3,5 klst.	Allir starfsmenn	28. maí



5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf leikskólans við Selásskóla verður með svipuðum hætti og verið hefur. Að auki hefur verið ákveðið að fara af stað með samstarf við Hestamannafélagið Fák með samstarfsverkefnið „Heimahagar og íslenski hesturinn“. Hugmyndin er að börnin í leikskólunum og í 1. bekk Selásskóla fái að fræðast um íslenska hestinn og ummönnun hans. Verkefnið verður nánar útfært í haust.

Samstarf 2020 – 2021 Selásskóli – Heiðarborg – Rauðaborg – Blásalir

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Sept/okt	1. bekkur heimsækir leikskólann	Heiðarborg	Deildarstjórar elstu barna sjá um skipulag heimsóknarinnar.
Í byrjun desember	Elstu börn leikskólans heimsækja bókasafn Selásskóla og fá þar sögustund.	Selásskóli - bókasafn	Bókasafnsvörður Selásskóla skipuleggur heimsóknina
15.nóvember	5. bekkur í Selásskóla les fyrir börnin í Heiðarborg í tilefni af degi íslenskrar tungu.	Heiðarborg	Stjórnendur og umsjónakennarar 5. bekkjar.
1x til 2svar í mánuði	<i>Stígur á milli stiga</i> , elstu börn leikskólans hitta jafnaldra og 1. bekk í heimahögum.	Heimahagar	Kennarar beggja skólastiga
Janúar - mars	Íþróttir og tónlist, elstu börn leikskólans fara í kennslustund hjá 1. bekk.	Selásskóli	Umsjónakennarar 1. bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar
Desember og apríl	Elstu börn leikskólans heimsækja íþróttahús Selásskóla	Selásskóli - íþróttahús	Kennarar leikskólans sjá um skipulag heimsóknanna
Maí	Farið er yfir niðurstöður úr Hljóm-2 og umsögn með hverju barni sem fer í Selásskóla.	Heiðarborg	Kennarar beggja skólastiga
Maí	Foreldrar fara með elstu börnum leikskólans í vorskóla. Fá þar kynningu á starfssemi skólans og skólabyrjun.	Selásskóli	Umsjónakennarar 1. bekkjar sjá um skipulagningu.
Ágúst-nóvember og júní	Fundur kennara leik- og grunnskóla. Farið yfir áætlun og samstarf skólastiganna.	Selásskóli	Kennarar beggja skólastiga



6 Foreldrasamvinna

Í foreldraráði eru þrír fulltrúar foreldra en þeir eru kosnir á foreldrafundi að hausti. Foreldraráð fundar eftir þörfum en að lágmarki tvisvar á ári og þá með leikskólastjóra. Á fundunum er rætt um faglegt starf leikskólans, mönnun hans o.fl. sem snýr að starfinu. Foreldraráð les einnig starfsáætlunina og gefur henni umsögn.

Foreldrafundur er haldinn 6. október. Þar fer fram kynning á vetrarstarfi leikskólans og áhersluþáttum hans. Einnig fer fram aðalfundur foreldrafélags og kosið í stjórn þess. Hlutverk foreldraráðs og umhverfisnefndar er kynnt og foreldrar hvattir til að gefa kost á sér í það. Að auki eru foreldrafundir með nýjum foreldrum þar sem nánar er farið í stefnu leikskólans o.fl. sem eru haldnir í aðlögunarvikum barnsins.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, í október og mars. Í viðtalinu meta deildarstjórnir í samvinnu við foreldra stöðu barnsins og útbúa einstaklingsnámskrá. Viðtölin eru u.þ.b. 15 mínútna löng en fenginn er túlkur fyrir þá foreldra sem þess óska.

Foreldrafélag er virkt í leikskólanum. Miðað er við einn fulltrúa af hverri deild að lágmarki. Foreldrafélagið stendur fyrir og/eða kostar ýmsa viðburði börnunum til ánægju og má þar nefna leikrit, viðburð á sumarhátíð, harmonikkuball, páskaeggjaleit og nokkrar aðrar skemmtilegar uppákomur fyrir börnin.

Þegar foreldrar tala ekki íslensku þöntum við túlk, í samráði við foreldra, sem er með okkur í viðtölum. Þá geta foreldrar m.a. frætt okkur um þarfir barnsins og við gefið þeim ýmsar upplýsingar um leikskólastarfið. Foreldrar fylla út eyðublað þar sem spurt er um hvernig samskiptaform henti þeim best. Auglýsingar um viðburði reynum við að hafa bæði á íslensku og ensku en erum sérstaklega dugleg að tala persónulega við alla foreldra til að tryggja að þau séu meðvituð um alla viðburði. Einnig höfum við stundum nýtt okkur brúarsmiði SFS. Á degi móðurmálsins sendum við bæklinga um mikilvægi málörvunar á mismunandi tungumálum. Í foreldraviðtölum hvetjum við foreldra til að tala og lesa fyrir börnin sín á sínu móðurmáli. Eins hvetjum við þá til þess að láta barnið horfa á íslenskt efni í sjónvarpi eða á móðurmáli sínu (takmarka þriðja tungumál). Ferðabangsi fer heim með öllum börnum og hefur með sér bók sem hann vill láta lesa

Samningur um samskipti leikskóla og foreldra af erlendum uppruna:



1. Þegar þörf er á túlki, er einhver ákveðinn túlkur sem þið óskið eftir?
2. Notað foreldrar tölvupóst? Óskið þið frekar eftir miða með skilaboðum heim með barninu?
3. Lesa foreldrar íslensku? Enska? Annað?
4. Eru einhverjir á heimilinu, í fjölskyldunni, vinir, nágrannar eða aðrir foreldrar leikskólans sem geta lesið íslensku og hjálpað til við að lesa skilaboð frá leikskólanum?
5. Eruð þið tilbúin til að styðja aðra foreldra í leikskólanum sem tala sama tungumál og þið og bæta með þeim hætti upplýsingaflæði milli leikskóla og heimilis?
6. Getu foreldrar nýtt heimasíðu leikskólans til að fá upplýsingar um starfið eða myndir af börnunum.

Minna á :

Mikilvægi móðurmáls, lesa fyrir börnin og nota bókasafn. Upplýsingar á fjölbreyttum tungumálum á heimasíðu (sýna).


Námskrá og starfsáætlun, benda á mikilvægi þess að fá hjálp til að lesa, starfsmenn leikskólans geta hjálpað.

Samskiptasamningur



fyrir sig. Við höfum lagt áherslu á að leikskólinn kaupi bækur á tungumálum barnanna. Á þennan hátt náum við m.a. að tengja skóla og heimili og hvetja til samveru og lesturs.

Við leggjum okkur fram við að aðstoða foreldra eftir fremsta megni að leita sér þjónustu eða upplýsinga sem viðkoma börnunum og fjölskyldum þeirra s.s. að skrá þau í frístund og/eða skóla, tannlæknþjónustu, sækja um talþjálfun og margt fleira.



7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: **Heiðarborg**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ starfsdagið kl. 15	1 F Nýársdagur	1 M Annarsmárhátíð	1 M	1 F Stundagur	1 L Verkalýðdagurinn	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Fótbúðagurinn langi	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M Skapandi heiti	3 F	3 L
4 Þ Leikskólinn opnar eftir sumarið	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M starfsdagur	4 F Ískur dagur	4 F	4 S Þráðadagur	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ Undur hjá unntverfnefndinni	5 F starfsdagur	5 F	5 M Annar ískudagur	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ Stundagurinn kl. 06:00	6 F	6 S 2. í adventu	6 M Veisluöldin	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F	6 S Skrifunardagurinn	6 Þ
7 F	7 M starfsdagur	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ starfsdagur	8 F	8 S Stundagurinn langi	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 L Stundagurinn langur (þetta heiti)	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M starfsdagur *	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F 1. ískur dagur (þetta heiti)	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F Ískudagur (þetta heiti)	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S 3. í adventu	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F Skapandi dagur	13 S	13 Þ
14 F	14 M Veisluöldin heit	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M Stundagur	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M Stundagurinn	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ Stundagurinn	16 Þ	16 F	16 S	16 M Annarsmárhátíð	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M Stundagurinn	17 M	17 L	17 M	17 F Ískudagurinn	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 M starfsdagur	18 F Stundagurinn	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 F Dagur menntamála	20 S 4. í adventu	20 M	20 L	20 Þ	20 F Gamanzinnshátíð	20 S	20 Þ
21 F	21 M Veisluöldin heit	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M 12-1. starfsdagur *	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F Stundagurinn kl. 15	22 M Stundagurinn kl. 15	22 M	22 F Stundagurinn kl. 15	22 L	22 Þ Stundagurinn	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ Undur hjá unntverfnefndinni	23 Þ Undur hjá unntverfnefndinni	23 F Stundagurinn	23 S	23 M	23 F
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F Annarsmárhátíð	24 M	24 F	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ Undur hjá unntverfnefndinni	25 F	25 S	25 M	25 M	25 F Stundagurinn	25 F	25 F	25 S	25 Þ Undur hjá unntverfnefndinni	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ Annarsmárhátíð	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ Undur hjá unntverfnefndinni	27 F Stundagurinn	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S 5. í adventu	29 Þ	29 F		29 M	29 F	29 L	29 Þ Stundagurinn	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L		30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M
31 M		31 L		31 F Stundagurinn	31 S		31 M Stundagurinn	31 M			

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning


Samkvæmt stefnu leikskólans hafa öll börn jafnan rétt til þátttöku í öllu starfi leikskólans en ávallt skal miðað við þarfir hvers og eins. Leitast skal við að starfið sé fjölbreytt og hvert barn fái viðfangsefni við sitt hæfi. Börn hafa mismunandi getu, þroska og reynslu. Tekið er tillit til þarfa hvers barns þannig að það geti notið sín í hópí annarra barna.

Í leikskólanum er vel fylgst með þroska og líðan barnanna og þeim veittur sá stuðningur sem hvert og eitt þarfnast. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun þegar grunur er um seinkun eða skerðingu á þroska.

Allar sértækar aðgerðir varðandi einstaka barn eru gerðar í samráði við foreldra. Þjónustumiðstöð Árbæjar er til ráðgjafar og handleiðslu, ásamt því að sjá um frumgreiningar og vísa áfram til annarra stofnana. Teymisfundir

eru haldnir reglulega fyrir öll börn með sérkennslu, þá sitja foreldrar, sérkennslustjóri, deildarstjóri, sérkennari og ráðgjafar frá Þjónustumiðstöð og víðar, eftir því sem við á. Foreldrar geta óskað eftir ráðleggingum eða aðstoð hvort heldur sem er á teymisfundum eða utan þeirra. Leikskólinn leitast alltaf við að aðstoða foreldra eftir bestu getu, hvort heldur sem er að vísa á rétta staði, finna viðeigandi námskeið eða hvað annað sem þörf er á.

Börn með stuðning fá ítarlegri einstaklingsnámskrá en önnur, áherslupættir eru endurskoðaðir eftir þörfum. Sérkennslustjóri og sérkennari, í samvinnu við foreldra, vinna að markmiðum og leiðum í vinnu með barnið samkvæmt þörfum undir handleiðslu sérfræðinga. Einstaklingsnámskráin er uppfærð reglulega af sérkennara sem notar hana við skipulag á vinnu sinni með viðkomandi barni. Markmið með stuðningi er að virkja barnið í leik og starfi og að það nái sem mestum þroskafrámförum. Stuðningstímar fara fram í daglegu starfi deildarinnar, í minni hópum eða einstaklingslega, allt eftir þörfum hvers og eins.



Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasætning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	1	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	3	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	1	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	4	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Nei	Setja reglulega á dagskrá deildafunda frá september 2020.
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Heilsugæsluna í Árbæ, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma áætlun	Ábyrgð	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Upplýsingaflæði	Að starfsfólk þekki áherslur í einstaklingsnámskrá stuðningsbarna	Að setja á dagsskrá deildafunda a.m.k. 1x í mánuði	September 2020 – júní 2021	Sérkennslustj. /deildarstjórar	Maí 2021 umræður á stjórnendafundi	Þegar stjórnendur telja alla starfsmenn meðvitaða um þau markmið sem verið er að vinna með hverju og einu sérkennslubarni



8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Öll börn með íslensku sem annað mál eiga að fá sérstakar málörvunarstundir, ýmist einstaklingslega eða í litlum hópum. Við kennslu í íslensku sem annað tungumál leggjum við áherslu á að hafa allt myndrænt, setja orð á allar athafnir og hluti, nota líkamstjáningu og tákn og leggjum okkur fram við að tala hægt og skýrt. Í málörvunarstundum skiptum við börnunum eftir getu, byrjum á nafnorðum og sögnum, síðan lýsingarorð o.s.frv. Úthlutuðu fjármagni var ráðstafað í laun vegna málörvunar þeirra barna sem mest þurftu þess með og kennslugögn. Aðstoðarleikskólastjóri er skráður tengiliður fjölmennningar og sérkennslustjórinn hélt utan um eftirfyllnina.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Málörvunarstundir, sjónrænt dagskipulag, ferðabangsi, málörvun í öllu daglegu starfi
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Málörvunarstundir
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já/Nei	Reynt starfsfólk er meðvitað um að nota virka hlustun, endurtekur setningar barnanna og dýpkar þær. Óreynt starfsfólk þarf meiri þjálfun
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Með huglægu mati
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun	Já	Efi, Hljóm, verkefni elstu barna og huglægt mat.



Niðurstöður innra mats

Við erum með mikla málörvun í öllu daglegu starfi, notum sjónrænt dagskipulag og erum með vel skipulagðar málörvunarstundir. Einnig erum við með tvær málþroskaskímanir Efi og Hljóm2 þar sem öll börn eru skimuð markvisst. Vegna verkfalls og Covid-19 var því miður minna um skipulagðar málörvunarstundir en við hefðum viljað síðastliðið vor og þess vegna vorum við með málörvunarstundir í sumar líka.

Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Að dýpka orðaforða hvers barns	Að auka hæfni allra starfsmanna til að nýta allar stundir dagsins þannig að orðaforði barna aukist	Námskeið á starfsdegi	Haust 2020	Leikskólastjóri	Umræður á stjórnenda-og deildarfundum í febrúar 2021	Að starfsmenn telji að hæfni þeirra hafi aukist í að dýpka orðaforða barnanna og geri það markvisst

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2020 – 2021 Heiðarborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð er ánægt með starfið á leikskóla Heiðarborgar árið 2019-2020. Þetta ár var ansi frábrugðið þar sem það kom upp Nóro-veira, Eflingarverkfall og Covid-19. Leikskólinn brást mjög vel í öllum þessum aðstæðum og eiga starfsfólk leikskólans hrós skilið.

Eins og áður er starfsandinn í leikskólanum góður, viðhorf starfsmanna til barnanna jákvætt og vellíðan barnanna góð og sjáanleg í leik og starfi. Unnið hefur verið gott starf á skrítnum tímum. Alltaf er leiðinlegt að heyra af verkefnum sem falla niður og hvað þá vettvangsferðum.

Áform um reglulegri upplýsingagjöf til foreldra með lifandi heimasíðu eru að okkar mati jákvætt og þarft verkefni. Virkjun slíkra samskiptaleiða gæfi færi á að efla samstarf foreldra og leikskóla á ýmsa vegu.

Starfsfólk virðist enn hafa gagn af fyrirlestri Vöndu Sigurðardóttur og innleitt áherslur hennar vel í innra starf deildanna. Eins þykir okkur jákvætt að sett hafi verið áhersla á geðrækt á komandi árum og að leikskólinn taki þátt í heilsuefandi leikskóla.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Áslaug Eva Antonsdóttir
Magnús Elfar Thorlacius
Sara Björk Stefánsdóttir
Stefán Páll Páluson



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:



- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlaða innán leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



